

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 123/2008

frá 7. nóvember 2008

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2008 frá 26. september 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 frá 11. mars 2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja (endurútgáfa) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 295/2008 falla úr gildi ákvæði reglugerðar (EB, KBE) nr. 58/97 ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað texta 1. liðar (reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97):
„**32008 R 0295**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 frá 11. mars 2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja (endurútgáfa) (Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 13).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Stjórnvöld í Liechtenstein þurfa ekki að taka saman gögn samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, nema að því er varðar **sundurliðaða einingu fyrir grunnhagtölur um lýðfræði fyrirtækja** í samræmi við staflið a) í 2. mgr. 3. gr.

Þeim ber að senda umbeðin gögn í fyrsta sinn fyrir árið 2009.“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 20c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006):

„eins og henni var breytt með:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 13.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 14, 17.1.1997, bls. 1.

- **32008 R 0295**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 frá 11. mars 2008 (Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 295/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öð last gildi 8. nóvember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.